

# Fundur samstarfsnefndar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Samstarfsnefnd kom saman til fundar þann 11. nóvember 2024 á Teams.

Fundinn sátu:

- Guðveig Eyglóardóttir, frá Borgarbyggð
- Jón Eiríkur Einarsson, frá Skorradalshreppi
- Kristín Jónsdóttir, frá Skorradalshreppi
- Jón Hrói Finnsson, frá KPMG
- Lilja Ósk Alexandersdóttir, frá KPMG sem ritaði fundargerð.

Jón Hrói setti fundinn kl. 10:02.

## 1. Fyrirkomulag á vinnustofu starfshópa

Lilja Ósk og Jón Hrói fóru yfir tillögur að fyrirkomulagi og dagskrá vinnustofu sem haldin verður 27. nóvember 2024. Ákveðið að vinnustofan verði haldin í ráðhúsi Borgarbyggðar og hefjist kl. 16:00 og standi til kl. 18:30.

Lögð voru fram drög að sniðmáti fyrir vinnuhópana sem voru samþykkt.

Rætt var um greiðslur til þátttakenda í vinnustofum. Ákveðið var að þeir þátttakendur sem ekki eru starfsmenn sveitarfélaganna fá greitt fyrir fundinn skv. kjörum fyrir vinnufundi sveitarfélaganna.

Verkefni:

- Jón Hrói sendir drög að texta í fundarboð vinnustofu á samstarfsnefnd eftir fundinn.
- Jón Eiríkur og Guðveig tilnefna og ræða við fulltrúa sveitarstjórna og nefnda á vinnustofuna.
- Guðveig tekur að sér kynningu í upphafi vinnustofunnar fyrir hönd samstarfsnefndar.

**Fundi slitið kl. 10:40**